

Nr. 63.
10.
nóvbr.

Lög

um

breyting á lögum um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög 23. október 1903.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Fyrsta grein laga 23. október 1903 nr. 30 skal hljóða þannig:

Fyrir kaupstaði, verzlunarstaði, sem eru hreppar út af fyrir sig, og önnur hreppsfjelög má gera heilbrigðissamþykktir.

Fyrir kaupstaðina semur bæjarstjórn, og fyrir verzlunarstaði, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig, hreppsnefnd með ráði hjeraðslæknis frumvarp til samþykktar, og sendir það stjórnarráðinu, er ber það undir landlækni og staðfestir það síðan eða synjar því staðfestingar.

Að því er önnur sveitarfjelög snertir gjörir hreppsnefnd tillögu um samþykktina, hvort sem hún á að gilda fyrir allan hreppinn eða nokkurn hluta hans, og beinir henni til sýslunefndar; semur sýslunefnd síðan frumvarp til samþykktar með ráði hjeraðslæknis. Frumvarpið skal sent stjórnarráðinu, er ber það undir landlækni, og staðfestir það síðan eða synjar því staðfestingar.

Nú er frumvarpi synjað staðfestingar, og leggur þá stjórnarráðið málið af nýju fyrir þá sveitarstjórn, er frumvarpið samdi, með leiðbeining um, hverjar breytingar þurfi að gjöra til þess, að frumvarpið geti öðlazt staðfesting.

2. gr.

Um leið og lög þessi eru staðfest, getur konungur gefið út texta laganna 23. október 1903 um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög með þeim breytingum, sem þessi lög innihalda, sem lög um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 10. nóvember 1905.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

Lov

om

Forandring i Lov af 23de Oktober 1903 om kommunale
Sundhedsvedtægter.

Nr. 63.

10.

Novbr.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

§ 1 i Lov 24de Oktober 1903 Nr. 30 affattes saaledes:

For Købstæder, Handelspladser, der udgør særskilte Kommuner, saavel som for andre Repskommuner kan der fastsættes Sundhedsvedtægter.

For Købstæderne affattes Udkastet til Sundhedsvedtægten af Byraadet og for Handelspladser, der udgør særskilte Repskommuner, af Repsforstanderskabet efter Samraad med Distriktslægen; Udkastet tilstilles Ministeriet, som efter at have indhentet Landfysikus Erklæring meddeler eller nægter Stadfæstelse.

For de andre Repskommuner gør vedkommende Repsforstanderskab, hvad enten Vedtægten skal gælde for hele Reppen eller kun for en Del af samme, Indstilling om dens Tilvejebringelse til Sysselstanderskabet, som derpaa efter Samraad med Distriktslægen udarbejder Udkast til Vedtægten. Udkastet tilstilles Ministeriet, som efter at have indhentet Landfysikus Erklæring meddeler eller nægter Stadfæstelse.

Naar et Udkast nægtes Stadfæstelse, forelægger Ministeriet Sagen paany for den kommunale Myndighed, som har affattet Udkastet, tilligemed Vejledning om de Forandringer, der maa gøres i Udkastet, for at det kan erholde Stadfæstelse.

§ 2.

Samtidig med nærværende Lovs Stadfæstelse kan Teksten af Lov 23de Oktober 1903 om kommunale Sundhedsvedtægter, ændret saaledes som nærværende Lov medfører det, udfærdiges af Kongen som Lov om kommunale Sundhedsvedtægter.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 10. November 1905.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Islands Ministerium, den 10. November 1905.

H. Hafstein.

Ólafur Halldórsson.